



Áskriftarsamningur 1. – 4. bekkjar:

Heit máltíð í hádeginu

Hádegishlé á Hellissandi er kl. 11:40 alla skóladaga sem nemendur 1.-4. bekkjar eru í skólanum. Forráðamenn velja hvort þeir ætla að hafa börn sín í heitum mat alla daga vikunnar eða senda börn með nesti að heiman til að snæða í hádeginu. Ekki er hægt að kaupa einstaka máltíð eða hluta úr viku.

Eingöngu er um mánaðaráskrift að ræða. Áskriftarsamningi þessum þarf að skila undirrituðum af forráðamanni nemanda til umsjónakennara 23. ágúst.

Samningstímabilið er skólaárið 2011 - 2012. Hyggist forráðamaður segja upp áskrift á samningstímabili þarf **skrifleg uppsögn að hafa borist skólaritara 20. virka dag fyrir þann mánuð sem uppsögn á að hefjast.**

Framreiðsla skólamáltíða hefst mánudaginn **22. ágúst.** Verð mánaðaráskriftar er **jafnaðarverð, kr. 6.500 á mánuði. Fyrsti greiðsluseðill er með gjalddaga 5. sept. 2011 og sá síðasti 4. maí 2012.**

Greiða skal hvern mánuð fyrirfram með heimsendum greiðsluseðlum frá Snæfellsbæ. Eindagi greiðsluseðils er 11. hvers mánaðar. Ef greiðsla hefur ekki borist á eindaga, áskilur skólinn sér rétt til að hefja frekari innheimtuaðgerðir.

Matseðill er birtur á heimasíðu Grunnskóla Snæfellsbæjar <http://www.gsnb.is>.

Grunnskóli Snæfellsbæjar býður nú nemendum sínum að kaupa **morgunhressingu sem fram verður borin kl. 8:10 hvern morgun.** Verð fyrir áskrift í hafragrautinn er **kr. 500 á mánuði.** Sami háttur er á innheimtu þeirrar upphæðar og í hádegismatnum. Nemendum er heimilt að snæða annað nesti sem þeir koma með að heiman í matsal á þeim tíma. Svo minnum við á að eftir fyrstu frímínútur, kl. 10:20, er nemendum boðið upp á ávexti og mjólkur- eða vatnsglas með!

Munið að skila afklippunni hér að neðan 23. ágúst!

----- klippa -----

Áskrift að skólamáltíð nemenda 1.- 4. bekk 2011 - 2012

Nafn nemanda: _____, bekkur: _____

Ég, undirritaður forráðamaður nemandans, staðfesti hér með undirskrift minni skráningu hans í áskrift í heitan hádegismat í mötuneyti grunnskólans.

Nafn forráðamanns: _____

Kennitala: _____

Ég, forráðamaður ofangreinds nemanda, staðfesti skráningu hans í áskrift í morgunhressingu í upphafi skóladags.

Nafn forráðamanns: _____